

Reglugjörð

89

fyrir búnaðarskóla Suðuramtsins á Hvanneyri.

1. gr.

Það er tilgangur skóla þessa, að veita ungum mönnum kennslu í bóklegri og verklegri búfræði og vekja hjá þeim áhuga á framförum í búnaði. Sjerstaklega skal leggja áherzlu á verklega æfingu. Það er og tilgangur skólans, að gjöra eptir því sem ástæður leyfa, tilraunir með það, er að gagni mætti koma hjer á landi af búnaðarháttum nágrannapjóða vorra, en hefir til þessa litt eða ekki verið reynt hjá oss.

2. gr.

Til skólans er lagt búnaðarskólalagjald Suðuramtsins, vextir af búnaðarskólasjóði Suðuramtsins og allur annar styrkur af almannaþje, er veittur verður búnaðarskóla Suðuramtsins.

3. gr.

Amtsráðið í Suðuramtinu hefir á hendi yfirstjórn skólans, útvegar fje til hans og úrskurðar reikninga hans. Til þess að hafa á hendi hið nánara eptirlit með skólastofnuninni kýs amtsráðið 2 menn til 3 ára og 1 til vara. Skulu þeir, þegar þörf er á, eiga fund með sjer ásamt skólastjóra til að ræða vandamál skólans og undirbúa þau til amtsráðsfundar. Þeir skulu og vera viðstaddir árspróf á skólanum. Vor hvert, eptir miðjan maímánuð, skulu þeir skrifa upp og virða eignir búsin.

4. gr.

Amtsráðið ræður skólastjóra, og skal hann jafnframt vera aðalkennari skólans. Þegar þörf krefur, ræður amtsráðið aukakennara. Skólastjóri hefir á hendi stjórn skólabúsins og reikningshald þess. Hann hefur og á hendi innheimtu á afgjöldum jarðeigna skólans og kirkjugjöldum Hvanneyrarkirkju og er reikningshaldari kirkjunnar. Af beggja hálfu, amtsráðsins og skólastjóra, má segja upp skólastjórastarfinu með ársfyrirvara. Uppsögn miðast við fardaga.

5. gr.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu send skólastjóra fyrir lok janúarmánaðar. Skólastjóri sendir amtmanni umsóknarbrjefin með umsögn sinni fyrir lok febrúarmánaðar. Amtmaður veitir inntöku í skólann og tilkynnir veitinguna skólastjóra og umsækjanda fyrir lok marzmánaðar.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru þessi:

1. Að umsækjandi sje eigi yngri en 18 ára og eigi eldri en 28 ára. Frá þessu skilyrði má veita undanþágu eptir ástæðum.
2. Að umsækjandi sje siðsamur.

9. dag júlímán. 1897.

- 89 3. Að hann sje vel læs, sæmilega skrifandi og kunni í reikningi 4 höfuðgreinir í heilum tölum.
4. Að hann sje heilsugóður og hafi nægilegan þroska til sveitavinnu og sje henni ekki óvanur.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveimur valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum öllum eiga að fylgja inntökubeiðninni,

7. gr.

Skólaárið telst frá miðjum maímánuði til jafnlengdar. Námstíminn er fyrst um sinn ákveðinn 2 ár, og skuldbinda lærisveinar sig með því, að sækja um inngöngu, til að vera á skólanum þann tíma. Fari lærisveinn úr skólanum án gildra orsaka áður en sá tími er liðinn, eður sje honum vísað burt þaðan fyrir hans eigin sök, skal hann skyldur að endurgjalda kostnað þann, er skólinn hefir haft af honum, eptir því, sem amtsráðið ákveður. Þó skal hverjum nemanda á skólanum, sem vill auka nám sitt enn meira, heimilt að vera 3. árið á skólanum og þá einkum við verklegt nám.

8. gr.

Lærisveinar eru skyldir til að taka þátt í öllum heimilisstörfum, svo sem allskonar jarðrækt, heyvinnu, húsabyggingum, mósukurði, smíðum, laxveiði, aðdráttum o. s. fr. Til skiptis skulu þeir taka þátt í skepnuhirðingu sumar og vetur; þó má eigi hafa þá til smalamennsku, nema nauðsyn krefji; og eigi má hafa neinn lærisvein til sendiferða meir en sem svarar 2 vikum á ári. Sýna skulu lærisveinar skólastjóra eða þeim, er hann kann að fela verkstjórn, hlýðni og trúmennsku við þessi störf, eins og í hverju öðru.

9. gr.

Lærisveinar fá á skólabúinu viðunanlegt fæði, húsnæði, rúmföt, skæðaskinn, sokka vetlinga til slits, þjónustu og ljós. Bækur og ritföng leggja þeir sjer til sjálfir.

10. gr.

Leyft getur skólastjóri lærisveinum að vera burtu frá skólanum 18 daga um jólin, frá 20. des. til 6. janúar.

11. gr.

Verklega kennslan fer fram sumar og vetur, en bókleg kennsla að eins frá 1. nóv. til 30. apríl, og skal þeim tíma verja til bóknáms, 6—8 stundum að jafnaði hvern virkan dag; en þann tíma árs má eigi ætla lærisveinum aðra vinnu en bóknám meira en 5 stundir á dag. Frá 1. maí til 31. okt má eigi ætla þeim lengri vinnutíma á dag en 12 stundir utan sláttar og 13 stundir um slátt.

12. gr.

Verklega skal kennt:

1. Notkun jarðyrkjuverkfæra (plógs, herfis, kerru o. s. frv.).
2. Meðferð á áburði.

3. Þúfnasljettun.
4. Garðahleðsla.
5. Skurðagjörð til vörzlu og vatnsveitinga.
6. Ræktun matjurta og annara sáðjurta.
7. Heyskapur (þar með lötkun sláttuvjelar og rakstrarvjelar) og heyverkun.
8. Fjenaðarhirðing.
9. Mjólkurmedferð, einkum smjörverkun.
10. Smíði á einföldum jarðyrkjuverkfærum og aðgjörð á þeim.
11. Landmæling og hallamæling.

13. gr.

Bóklega skal kennt:

1. Ágrip af náttúrufræði: dýrafræði, grasafræði, steinafræði, efnafræði og eðlisfræði.
2. Jarðyrkjufræði, svo sem um eðli og samsetning jarðtegunda, áburð, túnrækt, garðyrkju, framræslu og veitugjörð.
3. Ágrip af húsdýrafræði, um kvikfjárrækt og um helztu sjúkdóma húsdýra og ráð við þeim.
4. Búnaðarhagfræði og búreikningagjörð.
5. Ágrip af rúmmálsfræði, landmæling og hallamæling.
6. Reikningur: brot, þríliða, prósentureikningur, rentureikningur og kvadratrót.
7. Dráttlist: Að gjöra uppdrætti af landspildum og verkfærum.
8. Danska, fyrst um sinn, meðan eigi er kostur á nægum kennslubókum íslenzkum.

14. gr.

Próf í hinu bóklega skal halda á hverju vori í miðjum maí og skal skólastjóri vera þar til staðar. Burtfararpróf er einnig á vorin í hinu bóklega, að afloknum námstímanum, en undanfarið haust í hinu verklega. Við burtfararpróf skulu vera 2 prófdómendur, er amtmaðurinn í Suðuramtinu kveður til þess.

15. gr.

Við burtfararpróf skal gefa sjerstakar einkunnir.

A. Í verklegum námsgreinum:

1. Fyrir þúfnasljettun og plæging. 2. Fyrir garðhleðslu og vörzluskurðagjörð. 3. Fyrir framræslu og veitugjörð. 4. Fyrir landmæling og hallamæling. 5. Fyrir garðrækt. 6. Fyrir heyvinnu. 7. Fyrir fjenaðarhirðing. 8. Fyrir starfsemi, reglusemi og dugnað. Í þeim námsgreinum, er prófdómendur geta eigi um dæmt eptir eigin sjón, ákveður skólastjóri einkunnina eptir þekkingu sinni á lærisveinunum.

B. Í bóklegum námsgreinum:

1. Fyrir náttúrufræði: dýrafræði, grasafræði, steinafræði, eðlisfræði og efnafræði. 2. Fyrir jarðyrkjufræði: áburðarmedferð, túnrækt, framræslu og veitugjörð. 3. Fyrir ræktun matjurta og annara sáðjurta. 4. Fyrir húsdýrafræði og kvikfjárrækt. 5. Fyrir búnaðarhagfræði og búreikningagjörð. 6. Fyrir rúm-

89 málsfræði, landmæling og hallamæling. 7. Fyrir reikning. 8. Fyrir drátt-list.

16. gr.

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afar-illa, eður í tölum: 6, 5, 4, 3, 2 og 1. Ákveða má tölurnar fyrir neðan 6 nákvæmar með brotunum $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$.

Allar hinar sjerstöku tölueinkunnir skal leggja saman og deila með einkunnafjöldanum. Tala sú, sem þá kemur út, reiknuð með 2 desímölum, sýnir aðaleinkunnina, en aðaleinkunnirnar eru: ágætlega (5,50—6), dável (4,50—5,49), vel (3,50—4,49), laklega (2,50—3,49). Nái einhver ekki 2,50 í aðaleinkunn, hefir hann ekki staðigt prófið.

17. gr.

Hverjum þeim lærisveini, er staðigt hefir burtfararpróf, skal skólastjóri gefa burtfararskírteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, er hann hefir við prófið, og hinar sjerstöku einkunnir, er hann hefir fengið í hverri námsgrein. Í burtfararskírteininu skal gefin einkunn fyrir iðni við bóknám, en eigi telst sú einkunn með, þá er aðaleinkunnin er reiknuð út. Lýst skal og hegðun lærisveinsins. Sá lærisveinn, er eigi hefir staðigt burtfararpróf, eður eigi gengið undir það, á rjett á að fá vottorð skólastjóra um veru sína á skólanum.

18. gr.

Eptir lok hvers skólaárs skal skólastjóri senda amtsráðinu skýrslu um skólann og reikninga skólabúsins. Skal ágrip af hvorutveggju birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins. Skýrslu um skólalahaldtð og yfirlit yfir efnahag stofnunarinnar skal birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins.

Reglugjörð skólans 14. febr. 1890 er úr gildi numin.

Amtsráð Suduramtsins, Reykjavík, 25. júní 1897.

*J. Havsteen. Þórður Guðmundsson. Guðl. Guðmundsson. P. J. Blöndal.
Valdimar Briem. Skúli Skúlason.*

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Norðuramtsins 1896.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. jan:		
a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabryfum	kr.	594,66
b. Innritunarskírteini A. fol. 98	—	400,00
	Flyt:	kr. 994,66